

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Digranesvegur 79. Bakki í Kópavogsdal. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 10. desember 2002 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi við Bakka, Digranesvegi 79. Í tillögunni felst að heimilt verði að byggja skátaheimili allt að 390 m² að grunnfleti á einni hæð með aðkomu frá Digranesvegi. Tillagan er breyting á deiliskipulagi sem samþykkt var í bæjarstjórn 25. nóvember 1997 og af skipulagsstjóra ríkisins 22. desember 1997.

Tillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum frá 20. september til 18. október 2002 með athugasemdafresti til 1. nóvember 2002.

Með tilvísan í athugasemdir og ábendingar er bærust á kynningartíma var tillagan samþykkt með þeirri breytingu að akstursleið frá Digranesvegi að fyrirhuguðu skátaheimili (sk. norðurleið) var aflögð. Þess í stað verði gerð ný akstursleið að skátaheimilinu frá fyrirhuguðu bílastæði við Digranesveg.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 11. febrúar 2003.

Skipulagsstjóri Kópavogs,

Birgir H. Sigurðsson.